

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 128/2024

frá 12. júní 2024

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/552 frá 4. apríl 2022 um að ákveða að innlendir verðbréfamarkaðir Bandaríkjanna sem skráðir eru hjá verðbréfa- og kaupþingsnefndinni uppfylli lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2014/65/ESB og lúta skilvirku eftirliti og framfylgd (¹).
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31bcaz (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/985) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31bcazl. **32022 D 0552**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/552 frá 4. apríl 2022 um að ákveða að innlendir verðbréfamarkaðir Bandaríkjanna sem skráðir eru hjá verðbréfa- og kaupþingsnefndinni uppfylli lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2014/65/ESB og lúta skilvirku eftirliti og framfylgd (Stjtið. ESB L 107, 6.4.2022, bls. 85).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2022/552, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 107, 6.4. 2022, bls. 85.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 385/2021 frá 10. desember 2021⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽²⁾ Stjúd. ESB L, 2024/650, 14.3.2024 og EES-viðbætur nr. 23, 14.3.2024, bls. 99.